



DANSK-ÍSLENSKA
VIÐSKIPTARÁÐIÐ

Dansk-íslenska viðskiptaráðið

Skýrsla stjórnar, 15.12.2011

Dansk-íslenska viðskiptaráðið (DÍV) var stofnað 27. apríl 2000 á Børsen í Kaupmannahöfn og hefur nú starfað í rúm 11 ár. Megin markmið ráðsins að efla og styrkja viðskiptatengsl milli íslenskra og danskra fyrirtækja.

Framkvæmdastjórn er í höndum Kristínar S. Hjálmtýsdóttur.

Aðalfundur 2010 var haldinn í Kaupmannahöfn 26. nóvember í húsakynnum íslenska sendirráðsins á Strandgade 89. Eftir fundinn var boðað til „Gå hjem møde“ þar sem tveir gestir héldu erindi um möguleika á fjárfestingu á Íslandi og hvernig væri að eiga viðskipti við Íslendinga. Um kvöldið hittust félagar ráðsins og gestir þeirra í „Julefrokost“. Allir stjórnarmenn gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu, en þeir eru ;

Formaður: Sverrir Sverrisson, EC Consulting

Arnar Gíslason, Bako-Ísberg

Lárus S. Ásgeirsson, Icelandic Group

Sigurður Skagfjörð Sigurðsson, VJI ráðgjöf

Peer Nørgaard, Peership

Mads Elming, Rexam Glass Holmegaard

Steen Osorio, Samskip

Páll Pálsson, Rausn og

Bjarni Ó. Halldórsson, Aalborg Portland

Auk þess voru Gunnar Sturluson (Logos) og Inga Sólnes (Gestamóttakan) kosin skoðunarmenn reikninga.

Á miðju ári dró Páll Pálsson sig í hlé og er honum kærlega þökkúð störf í þágu ráðsins. Stjórn kallaði inn fyrir hann Peter Möllerup frá Logos í Danmörku. Um hann verður kosið síðar á þessum fundi.

Ég vil nota þetta tækifæri og bjóða eftirfarandi nýjum félögum sem best hafa við frá síðasta aðalfundi, velkomna í hópinn: **Norbuc, Storevision og Evernex**

Sem stendur eru alls 64 meðlimir í DÍV þar af 33 hérlendis og 31 í Danmörku. Á meðan fjöldi danskra meðlima hefur haldist nokkuð stöðugur hefur fjöldi íslenskra meðlima lækkað nokkuð undanfarin misseri sem svosum er ekki óeðlilegt miðað við erfiða stöðu fyrirtækja á þessum tíma. Til stendur að gera átak í að fá nýja meðlimi á komandi starfsári.

Starfsemi ráðsins á árinu

Um miðjan júní s.l. var haldinn fundur í Kaupmannahöfn um fjárfestingamöguleika á Íslandi. Erindi fluttu auk formanns Árni Páll Árnason efnahags- og viðskiptaráðherra, Þórður Sverrisson frá fjárfestingasviði Íslandsstofu og Kjartan Langvad frá Phil & Søn.

Fundurinn var frekar illa sóttur ef satt skal segja sem í raun endurspeglar þá staðreynd að Danir hafa við núverandi stöðu ekki áhuga á að fjárfesta á Íslandi. Þetta kom okkur í raun ekki svo á óvart þar sem á undanförunum misserum hafa danskir fjárfestar haft samband við okkur og lýst áhuga á að fjárfesta á Íslandi en eftir að hafa áttað sig á fjárfestingaumhverfinu, gildandi höftum og óvissu um leikreglur og breytingum þar á, þá ákváðu þeir undantekningalaust að leita á önnur mið. Sumir af þessum fjárfestum höfðu samband við okkur fljótlega eftir hrun og vildu rétta þjóðinni hjálparhönd með því að fjárfesta hérlendis og auka þar með atvinnu og hagvöxt en urðu frá að hverfa, vegna þeirra þátta sem að ofan voru nefndir. Það má segja að þessi fundur hafi af okkar hálfu verið nokkurskonar stöðutaka, annarsvegar m.t.t. áhuga Dana á málinu og hinsvegar m.t.t. þess hvort ríkisstjórnin hefði yfirhöfuð eitthvað fram að færa, hvað varðar erlendar fjárfestingar, hvort einhver stefnumótun eða markmiðasetning hefði átt sér stað innan stjórnarinnar og ef svo, hvort verið væri að vinna að því að koma henni í framkvæmd. Svörin voru mjög skýr: Danir hafa engan áhuga á að fjárfesta á Íslandi að svo stöddu og ríkisstjórnin var ekki með neinar skýrar fyrirætlanir um að laða að erlenda fjárfesta til Íslands. Það versta í þessu máli er að erlendir fjárfestar eru meira eða minna búnir að taka Ísland út af fjárfestingakortinu og það mun þurfa mikið átak til að fá þá til að líta hingað aftur í framtíðinni þrátt fyrir að fjárfestingaumhverfinu verði breytt til hins betra.

Dansk-íslenska viðskiptaráðið stóð, auk annara millilandaráða, fyrir afar vel heppnuðu alþjóðlegu golfmóti á GR vellinum undir lok sumars. Lið Dansk- íslenska viðskiptaráðsins gerði sér lítið fyrir og sigraði glæsilega.

Ráðið stóð fyrir morgunfundi um stöðuna á samningaviðræðum Íslands við ESB föstudaginn 18. nóvember s.l. í samstarfi við önnur evrópsk viðskiptaráð og Viðskiptaráð Íslands. Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður Íslands í samningaviðræðum við ESB og Kolbeinn Árnason formaður samninghópsins um sjávarútvegsmál fóru yfir stöðuna í samningaviðræðunum og svöruðu spurningum fundargesta.

Á stjórnarfundum ráðsins í Kaupmannahöfn í lok síðasta mánaðar var ákveðið að eiga samstarf við Sendiráð Íslands í borginni um að vinna að því að fara með viðskiptasendinefnd til Kaupmannahafnar vorið 2012. Við teljum að það séu mörg ónýtt tækifæri hvað varðar útflutning á íslensku afurðum til Danmerkur og þá kannski sérstaklega innan matvælageirans og teljum það vera okkar aðalverkefni að stuðla að auknum viðskiptum landanna í milli. Við höfum margoft bent á það misvægi sem er til staðar í utanríkisviðskiptum landanna í milli og sjáum þetta sem lítið skref í átt til aukins útflutnings Íslands til Danmerkur.

Það var vel við hæfi nú á 150 ára afmæli Jóns Sigurðssonar forseta, að DÍV aðstoðaði stjórn Jónshúss í Kaupmannahöfn að fá fjármagn til að endurnýja tvö herbergi í húsinu sem eiga að nýtast fyrirtækjum og einstaklingum fyrir fundi og vinnuáðstöðu, en þess má einnig geta að hægt er að fá leigðan stærri sal í Jónshúsi, sem rúmar allt að 80 manns.

Undir lok ársins var tekinn sú ákvörðun að kanna áhuga á að stofna Grænlenst-Íslenskt viðskiptaráð sem yrði hluti af Dansk-íslenska ráðinu. Ráðið hefur hitt forsvarsmenn atvinnulífsins, forsætisráðherra Grænlands og fleiri í þessu sambandi og er mikill áhugi á málinu. Áætlað er að halda undirbúningsfund á Grænlandi í febrúar með það í huga að stofna ráðið að vori komanda. DÍV og Háskólinn í Reykjavík (HR) vinna að því verkefni í sameiningu að styrkja einn Grænending til náms í HR. Sigurður Skagfjörð Sigurðsson mun fara nánar yfir málið undir liðnum önnur mál. Einnig hefur verið rætt um að stofna í framtíðinni Færeyskt-íslenskt viðskiptaráð.

Ég vil nota þetta tækifæri og hvetja ykkur til þess að fara inn á heimasíðu ráðsins við tækifæri en heimsíðan er www.dansk-islenska.is Þar má nálgast nánari upplýsingar um fundi og komandi viðburði.

Í lokin vil ég þakka öllum þeim sem stutt hafa starfseminu á árinu. Sérstakar þakkir vil ég færa starfsfólki Sendiráðs Danmerkur á Íslandi, fyrir gott og farsælt samstarf. Sömuleiðis vil ég þakka starfsfólki Sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn gott samstarf og veittan stuðning og þá sérstaklega Viðari Ingasyni viðskiptafulltrúa. Þá vil ég þakka Kristínu S. Hjálmtýdóttur

frankvæmdastjóra DÍV og stjórn ráðsins, bæði hér heima og í Danmörku
gott og farsælt samstarf á árinu.

Takk fyrir
Sverrir Sverrisson